

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, tjald- og þjónustusvæðið á Flúðum.

Breytingin felur í sér að tvær lóðir fyrir þjónustusvæðið eru sameinaðar í eina sem er stækkuð úr samtals 12.943 m² í 13.960 m². Tveir byggingarreitir eru sameinaðir í einn, A1, sem stækkaður er úr samtals 2.850 m² í 2.960 m². Heildarbyggingarmagn fer í 2.200 m². Á byggingarreit er nú heimilað að byggja hús á tveimur hæðum auk kjallara í stað einnar hæðar auk kjallara. Hámarkshæð húss er nú 8 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. maí 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. maí 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Berglind Sigurðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. maí 2018